

## Apríl 2022 Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 34				
Stafur vikunnar: Æ		Tákn: klæða sig		
28 mars	29 mars	30 mars	31 mars	1 Blár dagur einhverfunnar  Kakósúpa, tvíbökur, heitt ostabrauð, ávextir
Vika 35				
Stafur vikunnar: Ó		Tákn: drekka		
4  Kindabjúgu, kartöflur, jafningur, grænar baunir og rauðkál	5  Steiktur fiskur, kartöflur, gulrótarsalat og heimatilbúið remúlaði	6  Píta með hakki og grænmeti og sósu	7  Mango chutney fiskur með hrísgrjónum, salatbar	8  Pylsupasta, heimabakað brauð
Vika 36				
11  Fiskibollur, kartöflur, brún sósa, grænmeti	12  Skyr, heitt brauð og ávextir	13 Lokað vegna starfsmannafunda	14 Skírdagur  Lokað	15 Föstud. langi  Lokað
Vika 37				
18 Annar í páskum  Lokað	19 Starfsdagur  Lokað	20 Starfsdagur  Lokað	21 Sumard. fyrsti  Lokað	22 Starfsdagur  Lokað
Vika 38				
		Tákn: hlaupa		
25  Lasagne, kartöflur, hvítlauksbrauð og melónusalat	26 Rugl dagur  Soðin fiskur, rúgbrauð, kartöflur, hamsar, perubitar	27  Svínakjötpottréttur, hrísgrjón, ferskt salat	28  Fiskur í fjölkornaraspi, kartöflur, salatbar og kaldar sósur	29  Bláberjaskyr, heitt brauð og ávextir

### Gaman saman

- Skólahópur og fyrsti bekkur hittast fimmtudag 31. mars og 7. apríl.

### Blár dagur

Í tilefni af Alþjóðadegi einhverfunnar höfum við bláan dag 1. apríl. Höfum bláa litinn áberandi þennan dag.

### Starfsdagar í apríl

Þrír starfsdagar eru í vikunni eftir páska. Fyrirhugað var að fara í utanlandsferð þessa daga en þær áætlanir hafa verið slegnar af. Í staðinn fer starfsfólk í kynnisferð innanlands. Skoðaðir verða fjórir leikskólar á norður- og austurlandi. Byrjað verður á Álfasteini í Hörgársveit. Þar hefur börnum verið að fjölga og byggt hefur verið við leikskólann á síðustu árum. Síðan verður Leikskólinn Álfaborg á Svalbarðsströnd skoðaður. Þar er unnið í nánu samstarfi við grunnskólann. Á miðvikudeginum verður fyrst skoðaður leikskólinn Lyngholt á Reyðarfirði og síðan Leikskólinn Kæríbær á Fáskrúðsfirði, en hann er í sameiginlegu húsnæði með grunn- og tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar. Vonumst við til þess að þessar heimsóknir muni færa okkur gagnalegar upplýsingar og hugmyndir til að nýta við hönnun og skipulag framtíðarhúsnæðis leikskólans.

### Uppsögn á plássum

Fyrir þau börn sem eru að ljúka leikskólagöngu í vor þarf að segja upp leikskólaplássi með mánaðar fyrirvara og skal uppsögn miðast við mánaðamót eða miðjan mánuð.

### Lokunardagar í apríl, maí og júní

Miðvikudagur 13. apríl - Lokað vegna starfsmannafunda

Fimmtudagur 14. apríl - **Skírdagur**

Föstudagur 15. apríl - **Föstudagurinn langi**

Mánudagur 18. apríl - **Annar í páskum**

Þriðjudagur 19. apríl - Starfsdagur

Miðvikudagur 20. apríl - Starfsdagur

Fimmtudagur 21. apríl - **Sumardagurinn fyrsti**

Föstudagur 22. apríl - Starfsdagur

Fimmtudagur 26. maí - **Uppstigningardagur**

Mánudagur 6. júní - **Annar í hvítasunnu**

Þriðjudagur 7. júní - Starfsdagur

Föstudagur 17. júní - **Þjóðhátíðardagurinn**

**Sumarlokun** 11. júlí - 12. ágúst.

Föstudag 8. júlí lokar Leikskólinn kl 12:00. Seinni hluti dagsins verður nýttur til að ganga frá á deildum og gera klárt fyrir bón- og hreingerningarvinnu. Opnað verður aftur mánudag 15. ágúst kl 12:00.